



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Tillaga um göngu- og vistgötur í Kvos**

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að Austurstræti verði göngugata til 1. október 2024
- Að Vallarstræti vestan Veltusunds verði göngugata til 1. október 2024
- Að Veltusund verði göngugata til 1. október 2024
- Að Pósthússtræti verði vistgata til 1. október 2024
- Að eitt bifreiðastæði í Hafnarstræti verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða
- Að eitt bifreiðastæði í Pósthússtræti verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Undanþegin banni við akstri á göngugötum, umfram þess sem getið er í umferðarlögum, verði vörulosun kl. 07-11 á virkum dögum en kl. 08-11 á laugardögum og sunnudögum.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

#### **Greinargerð:**

Hér er lögð fram tillaga í samræmi við tillögu sem fulltrúar meirihlutans hyggjast leggja fyrir fund umhverfis- og skipulagsráðs 19. júní.

Tillagan er í samræmi við gildandi deiliskipulagi fyrir Kvosina, sem samþykkt var í borgarstjórn 1. október 1987, en þar var gert ráð fyrir að stór hluti Kvosarinnar yrði að göngugötusvæði.

Einnig er hún í samræmi við umferðarskipulag Kvosarinnar sem samþykkt var í skipulags- og samgönguráði 18. nóvember 2020, en með því var staðfest að stefnan væri að stór svæði í Kvosinni yrðu göngugötusvæði. Það gerir ráð fyrir að stærstur hluti Kvosarinnar verði göngugötusvæði með tíð og tíma. En einnig lagt til að sem skref á leiðinni megi hugsa sér að hluti gatnanna séu vistgötur<sup>1</sup> til að byrja með líkt og hér er lagt til.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. janúar 2024 þegar forhönnun Austurstrætis var kynnt var samþykkt að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi og hönnun vegna endurhönnunar á Austurstræti sem og að hefja endurskoðun á deiliskipulagi í samræmi við umferðarskipulag Kvosarinnar og fyrirbyggjandi hönnun á svæðinu. Umræða um Kvosina og

<sup>1</sup> Vistgata er skilgreind í umferðarlögum en í vistgötu er óheimilt að aka hraðar en á 15 km/klst hraða. Heimilt er að dveljast og leika á vistgötu og ber akandi vegfarendum að taka fullt tillit til og víkja fyrir gangandi vegfarendum. Óheimilt er að leggja nema í merkt bílastæði.



Austurstræti sem heildstætt götusvæði fór einnig fram á fundi borgarstjórnar þann 6. febrúar 2024. Verkhönnun er ekki lokið og því ekki unnt að fara í framkvæmdir í sumar í samræmi við hönnunina en með þessari tillögu er gert ráð fyrir smærri aðgerðum eins og umferðarmerkingum og götugögnum til að breyta yfirbragði gatnanna.

Nokkur bifreiðastæði eru í dag sérmerkt hreyfihömluðum bæði innan þess svæðis sem tillagan nær til. Verða þau áfram á þeim stað sem þau eru og með sömu akstursleiðum; enda hafa handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk, heimild til að aka á göngugötum skv. umferðarlögum.

Vörulosun verði heimil milli kl: 7-11 á virkum dögum og kl. 8-11 á laugardögum, sunnudögum og öðrum helgidögum. Til viðbótar gerir tillagan ráð fyrir tveimur nýjum stæðum fyrir hreyfihamlaða.

Gert er ráð fyrir að sumarið verði notað til að leggja mat á árangur þessara aðgerða og leitað áhlits hagaðila. Út frá því verður lagt mat á framhaldið og tillaga mótuð.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*

Hjálagt: Mynd 1: Sýnir með rauðu þær götur sem lagt er til að verði göngugötur. Lagt er til að þær götur sem merktar eru með bláum lit verði vistgötur. Götur sýndar með hvítum línum eru almennar götur en rauðar dopper tákna núverandi göngugötur. Einnig eru núverandi og fyrirhuguð stæði fyrir hreyfihamlaða merkt á myndinni.

Myndir 2 og 3: Sýna ásýndamyndir að forhönnun Austurstrætis sem nú er unnið að verkhönnuna á.





Reykjavíkurborg

